

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt bráðabirgðalögum um notkun vegabréfa innanlands frá 9. desember 1941, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 29. janúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

13

29. jan.

## AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. október 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Auk færeyskra skipa, sem flytja frystan og ísvarinn fisk til Bretlands, og samkvæmt auglýsingu ráðuneytisins, dags. 19. janúar þ. á., hafa leyfi til að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði á tímabilinu 15. janúar til 30. apríl þ. á., veitir ráðuneytið íslenskum skipum í sams konar flutningum leyfi til að fá fyrstu afgreiðslu á Hornafirði á sama tímabili.

Samkvæmt nefndri reglugerð hafa íslensku skipin leyfi til síðustu afgreiðslu á Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

*Fjármálaráðuneytið, 3. febrúar 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

14

3. febr.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Brunabótafélag Íslands, nr. 101 15. október 1932.

## 1. gr.

Á eftir upptalningu virðingargjalda í 36. gr. reglugerðarinnar, komi ný setning, svo hljóðandi:

Á virðingargjöld þessi skal á hverjum tíma greiða uppþót eftir hinni opinberu verðlagsvisitölu.

## 2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

15

12. febr.